

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 414/2012**

2013/EES/16/34

frá 15. maí 2012

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/2008 að því er varðar lágmarksinnihald og ráðlagðan
lágmarksskammt ensímblöndu með 6-fýtasa sem fóduraukefni í fòðri fyrir eldiskalkúna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fòðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008⁽²⁾ var ensímblanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, leyfð til 10 ára sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldisendur, eldiskalkúna og fráfarugrasi.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blönduna sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald hennar og ráðlagðan lágmarksskammt úr 1000 FTU/kg í 500 FTU/kg heilfóðurs, að því er varðar notkun fyrir eldiskalkúna. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

- 3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. nóvember 2011 að blandan sem um er að ræða, með ráðlögðum lágmarksskammti sem er 500 FTU/kg⁽³⁾ heilfóðurs, geti bætt nýtingu eldiskalkúna á fosfór.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 554/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 554/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 14.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(1), 2533.

VÍÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 554/2008 komi eftirfarandi:

„VÍÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishata | Aukefni | Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|-----------------|----------------------|---|-------------------------|--------------|---|-----------------|---|-----------------|
| | | | | | | Virknineiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi | | | |
| Flokkur dýraræktaraufna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni | | | | | | | | | |
| 4a5 | AB Enzymes GmbH | 6-fýtasi EC 3.1.3.26 | <p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með 6-fýtasi EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með <i>Pichia pastoris</i> (DSM 15927), með virkni að lágmarki: Fast form: 2 500 FTU/g(¹)</p> <p>Vökvaform: 5 000 FTU/ml</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>6-fýtasi EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með <i>Pichia pastoris</i> (DSM 15927)</p> <p>Greiningaraðferð(²)</p> <p>Litmæling sem byggist á efnahvarfi vanadómólýbdats við lífrænt fosfat sem fæst með verkun á hvarfefni sem í er fýtat (natríumfosfat) við pH-gildið 5,5 og 37 °C.</p> | Eldiskjúklingar | — | 500 FTU | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og köggla-festu. | 8.7.2018 |
| | | Várphænur | — | 250 FTU | — | | | | |
| | | Eldisendur | — | 250 FTU | — | | | 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: | |
| | | Eldis-kalkúmar | — | 500 FTU | — | | | — eldiskjúklingar: 500–2 500 FTU, | |
| | | Fráfæru-grísir | — | 100 FTU | — | | | — varphænur: 250–2 000 FTU, — eldisendur: 250–2 000 FTU, — eldiskalkúmar: 500–2 700 FTU, — fráfærugrísir: 100–2 500 FTU, | |
| | | | | | | | | 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór. | |
| | | | | | | | | 4. Handa fráfærugrísur þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg. | |
| | | | | | | | | 5. Varðandi úryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. | |

(¹) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýrati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

(²) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsoknarstofu Bandalagsins: www.imm.jrc.be/crl-feed-additives